

Alþingi
Erindi nr. P 131/862
komudagur 25. 2. 2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um upplýsingalög, 68. mál, nefndir, ráð og stjórnir.

BSRB lýsir yfir eindregnum stuðningi sínum við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Alþingi

Erindi nr. Þ 131/914

komudagur 1.3.2005


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. feb. 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, 68. mál.

Blaðamannafélag Íslands tekur heilshugar undir þær breytingar sem lagt er til að gerðar séu á upplýsingalögum í þingskjali 68 um breytingar á upplýsingalögum nr. 50/1996, með síðari breytingum og telur miklu skipta að þær nái fram að ganga. Það getur ekki verið annað en eðlilegt og sjálfsagt að þær upplýsingar sem breytingartillagan tekur til séu aðgengilegar.

Fyrir hönd stjórnar Blaðamannafélags Íslands



Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/915
komudagur 1.3.2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning
24. febrúar 2005

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 15. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til upplýsingalaga, 68. mál, nefndir, ráð og stjórnir. Í frumvarpinu er lagt til að takmörkun á aðgangi almennings að gögnum og upplýsingum skv. 5. gr. upplýsingalaga taki ekki til þeirra, sem tekið hafa sæti í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur mál þetta þess eðlis að ekki sé rétt að hún tjái sig sérstaklega um það.

Sig. Þórunn
Ríkisendurskoðun



Alþingi
Erindi nr. P 131/945
komudagur 33. 2005

SIÐMENNT Félag siðrænna húmanista á Íslandi

Reykjavík 3. mars 2005.

Til: Allsherjarnefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum (68. mál lagafrumvarp 131. löggjafarþingi).

Stjórn Siðmenntar styður megintilgang máls nr. 68 um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 50/1996 með síðari breytingum en hann er eins og segir í greinagerð flutningsmanna:

Flutningsmenn telja eðlilegt að það höfuðmarkmið upplýsingalaga að sjálfsagt sé að almenningur eigi þess kost að fylgjast með því sem stjórnvöld hafast að og að einstaklingar og lögaðilar eigi lögum samkvæmt rétt til aðgangs að gögnum mála innan stjórnarsýslunnar gangi framar hagsmunum einstaklinga af því að fjárhagsmálefni þeirra skuli fara leynt. Þetta á við án þess að viðkomandi þurfi að sýna fram á tengsl við málið eða aðila þess, eða hagsmuni af því að fá eða nota umbeðnar upplýsingar.

Ein af megináherslum í stefnuskrá Siðmenntar er áhersla á lýðræðið og eru ofangreindar breytingartillögur til þess fallnar að treysta lýðræðislegan rétt almennings til þess að fá upplýsingar um opinberar greiðslur fyrir setu í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ríkisins.

Stjórn Siðmenntar hvetur því til þess að frumvarpið hljóti brautargengi enda er það til þess að styrkja lýðræðið í landinu.

Virðingarfyllst
F.h. stjórnar Siðmenntar



Hope Knútsson
Æsufelli 4, 111 Reykjavík